

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skátasjóð Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin heitir Skátasjóður Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík og skal ávallt vera hið sama og heimilisfang Bandalags íslenskra skáta á hverjum tíma.

3. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska skáta til foringjamenntunar hérlendis eða erlendis. Ráðstafa skal fjármunum sjálfeignarstofnunarinnar í samræmi við tilgang sjóðsins. Getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um úthlutun þegar henta þykir. Að jafnaði skal þó úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári. Ekki má ráðstafa meiru en 20% af upphaflegri stærð sjóðsins árlega.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Bandalag íslenskra skáta, kt. 440169-2879. Til Skátasjóðsins er stofnað á grundvelli arfs sem hjónin Berent Th. Sveinsson og Laufey Guðbrandsdóttir ákváðu með erfðaskrá er gerð var 12. september 1997, að skyldi renna til Bandalags íslenskra skáta í þeim tilgangi sem greinir í 3. gr. hér að ofan.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 59.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum og skátahöfðingi sem er formaður stjórnar Bandalags íslenskra skáta skal eiga sæti í stjórninni og vera formaður hennar. Aðalmenn fyrstu stjórnar og tveir varamenn skulu kosnir af stjórn Bandalags íslenskra skáta til þriggja ára. Stjórnarmenn aðrir en formaður mega ekki eiga sæti í stjórn Bandalags íslenskra skáta. Við lok kjörtímabils skal fráfaramandi stjórn kjósa tvo aðalmenn og tvo menn til vara til setu í stjórn stofnunarinnar til næstu þriggja ára.

Komi til þess að Bandalag íslenskra skáta verði ekki lengur starfrækt skulu ákvæði þessarar greinar um skipan formanns stofnunarinnar eiga við um formann heildarsamtaka skáta á Íslandi.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu fyrir sjálfseignarstofnunina en heimilt er að fela fjármálafyrirtæki vörslu og ávöxtun fjármuna sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 12. ágúst 2020.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrímsdóttir.